

## Fundargerð

## ÁRSFUNDAR

# Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2025

Haldinn mánudaginn 26. maí 2025 kl. 16:00

í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Þorkell Heiðarsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 18, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Þorkell Heiðarsson flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Ágætu sjóðfélagar og aðrir fundagestir.

Ég mun nú fara yfir helstu þætti í rekstri Brúar lífeyrissjóðs á liðnu ári.

Árið 2024 var gott ár fyrir sjóðinn þar sem verðbréfamakaðir skiluðu góðri ávöxtun. Nafnávöxtun sjóðsins endaði í 12,9% sem samvarar 7,8% raunávöxtun. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur ávöxtun sjóðsins síðustu ár verið góð fyrir utan árið 2022 en 10 ára meðaltali raunávöxtunar er nú 3,5%.

Þann 1. janúar 2024 var Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkur sameinaður inn í Brúnna undir nýrri R deild. Í þeirri deild er haldið utan um rekstur, eignir, skuldir og skuldbindingar þess sjóðs en meginforsendan fyrir sameiningunni var að áfallin réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga til framtíðar er og verður óbreytt sem og bakábyrgð Reykjavíkurborgar. Sameiningin leiðir bæði til fjárhagslegs ávinnings sem og betri nýtingar starfsfólks sjóðsins.

Ársreikningurinn fyrir árið 2024 endurspeglar þessa sameiningu sjóðanna en í árslok 2024 námu heildareignir sjóðsins tæpum 558 ma.kr. en þær hækkuðu um rúmar 164 ma. kr. á milli ára. Lögjöld ársins námu tæpum 31 ma.kr. og lífeyrisgreiðslur 21,4 ma.kr. Þannig að nettó innflæði frá sjóðfélögum og launagreiðendum var 9,6 ma.kr. Fjárfestingaeignir skiluðu tekjum sem námu 64,1 ma.kr og rekstrarkostnaður ársins var rúmur 1 ma.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Innleiðing á sjálfbærni í rekstri og fjárfestingum sjóðsins er vegferð sem er rétt að hefjast. Í dag gáfum við út árs- og sjálfbærnisráðgjafur fyrir árið 2024 en hana má finna á heimasíðu sjóðsins. Skýrslan er liður í því að upplýsa hagaðila sjóðsins um hvernig okkur miðar í þessari vegferð. Við viljum stuðla að sjálfbærni í samfélaginu og horfa til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna.

## Samþykktarbreytingar

Í október 2023 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins sem komu til framkvæmda í byrjun árs 2024. Breytingar fólu í sér að framtíðarréttindi í jafnri ávinnslu A deildar var lækkuð en að auki voru áunnin réttindi í A og V deild lækkuð um 10%. Samhliða þessum breytingum hóf sjóðurinn að innheimta framlag hjá launagreiðendum sem nemur 10% af greiddum lífeyrir fyrir þá sjóðfélaga sem hafa enn launagreiðendaábyrgð. Ástæðan fyrir framangreindum breytingum er tilkomin vegna innleiðingar á nýju reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga á lífslíkum en í því er gert ráð fyrir að lífaldur haldi áfram að hækka, sem hefur neikvæð áhrif á skuldbindingar sjóðsins.

## Tryggingafræðileg staða

Það er jákvætt að þær mótvægisáðgerðir sem sjóðurinn greip til á árinu og góð ávöxtun hafi skilað tilætluðum árangri en tryggingafræðileg staða A deildar er jákvæð sem nemur 2,8%. Það sama má segja um stöðu V deildar en hún er einnig jákvæð sem nemur 2,5%.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins, Bjarni Guðmundsson, mun greina frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

## Stefnumótun

Á árinu hóf stjórn og starfsfólk sjóðsins markvissa vinnu við stefnumótun sjóðsins til næstu ára. Meginmarkmiðið vinnunnar er að móta framtíðarsýn og markmið fyrir sjóðinn, ásamt því að skilgreina leiðir og áðgerðir til að ná settum markmiðum. Á grunni áherslna úr þessari vinnu verða til verkefni sem munu endurspeglast í starfsemi sjóðsins á næstu árum.

## Samstarf við Almenna lífeyrissjóðinn

Á síðustu árum hefur áhugi á séreignarsparnaði aukist, meðal annars vegna hækkunar á skylduiðgjaldi í lífeyrissjóð og auknum sveigjanleika til að greiða í séreign. Í ljósi þess hve hátt hlutfall af iðgjöldum í V deildinni fer í séreignarsparnað telur sjóðurinn að það sé hlutverk hans að fræða og leiðbeina sjóðsfélögum sínum, þannig að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um val sitt á séreignarleiðum. Í dag eru í boði 77 leiðir í séreign þannig að hugmyndin um að sjóðurinn myndi stofna aftur séreignardeild var út úr myndinni enda afar óhagkvæmur kostur. Í byrjun mars hóf sjóðurinn samstarf með Almenna lífeyrissjóðum um séreign en við sjáum þannig fjölmörg tækifæri til að auka þjónustu við okkar sjóðfélaga. Með samstarfinu vill Brú upplýsa sjóðfélaga sína um góðan kost, en hjá Almenna er hægt að velja á milli sjó ávöxtunarleiða fyrir séreignarsparnaðinn í allt frá 100% í íslenskum innlánnum yfir í 100% í erlendum eignum. Sjóðfélagar geta valið úr leiðum með tilliti til aldurs og áhættuþols og ekki er greiddur sölu- eða upphafskostnaður við söfnun séreignarlífeyrissparnaðar.

## Frekari sameiningar

Stjórn Brúar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) hafa hafið viðræður um samruna sjóðanna miðað við 1. janúar 2025. Ef af verður mun sjóðurinn renna inn í nýja deild í Brúnni. Samruninn grundvallast á að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga LSA verður óbreytt sem og bakábyrgð Akureyrarbæjar.

## ÍL-sjóður

ÍL-sjóður varð til við uppskiptingu Íbúðalánasjóðs og var stofnaður með lögum nr. 151/2019 sem tóku gildi 31. desember 2019 en frá þeim tíma hefur fjármála- og efnahagsráðherra verið með yfirstjórn sjóðsins. Allt frá árinu 2022 hefur verið unnið úrvinnslu eignasafn sjóðsins en í lok febrúar 2025 lágu fyrir tillögur að uppgjöri HFF-bréfa sem fólust í afhendingu ríkisskuldabréfa, annarra

verðbréfa og reiðufjár í gjaldeyri og íslenskum krónum. Með þessu uppgjöri er ÍL-sjóði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum HFF-bréfanna og öðrum kröfuhöfum. Á fundi skuldabréfaeigenda í apríl sl. samþykkti sjóðurinn framlagðar tillögur um uppgjör bréfanna.

## Óvissa

Mikill órói hefur verið á eignamörkuðum eftir að stjórnvöld í Bandaríkjunum tilkynntu í byrjun apríl um aukna álagningu tolla á innflutning til Bandaríkjanna. Samkvæmt áformum stjórnvalda verður 10% almennur lágmarkstollur lagður á allan innflutning, en til viðbótar er lagður sértækur tollur á ýmis ríki í hlutfalli við vöruskiptaafgang þeirra af utanríkisverslun við Bandaríkin. Ekki þarf að hafa mörg orð um skaðsemi tolla en þeir raska alþjóðlegum birgðakeðjum og draga úr hagkvæmni í framleiðslu með þeim afleiðingum að framleiðslugeta og lífskjör skerðast á heimsvísu. Viðbrögð á eignamörkuðum bera þess sannarlega merki en allar helstu hlutabréfavísitölur hafa lækkað verulega. Mikil óvissa ríkir um framhaldið, meðal annars vegna þess að nokkuð hefur skort á skýra hugmyndafræði um tilgang og markmið tollana. Aukin spennu í alþjóðaviðskiptum hefur neikvæð áhrif á markaðsvæntingar og leiðir til aukinnar óvissu meðal fjárfesta.

## Stjórn

Á árinu 2024 voru haldnir 15 stjórnarfundir og hefur starf stjórnar gengið vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka bæði stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt sínum starfsskyldum og fundaði nefndin sjö sinnum á árinu og er nefndarfólki hér þakkað fyrir sínu góðu störf fyrir sjóðinn.

Hef ég nú lokið máli mínu og því legg ég til að Þóra Jónsdóttir verði fundarstjóri þessa ársfundar og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

*Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins og í Morgunblaðinu þann 4. maí sl. auk þess sem auglýsing birtist á heimasíðu sjóðsins og tilvísun til auglýsingar á iðgjaldayfirlitum sjóðfélaga sem öll hafa verið birt á Island.is og á mínum síðum sjóðfélaga. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem er yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.*

## 2. Ársreikningur 2024

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2024. Sem fyrr er ársreikningur sjóðsins gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eftir reglum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn sjóðsins þann 28. apríl sl. en hann er áritaður án fyrirvara af Hrafnhildi Helgadóttur og Sæmundi Valdimarssyni löggiltum endurskoðendum hjá KPMG endurskoðun. Þá hefur endurskoðunarnefnd sjóðsins fjallað um og yfirfarið ársreikninginn án athugasemda. Ársreikninginn má finna á vefsíðu sjóðsins og er 99 blaðsíður en þar má finna mikinn fróðleik um rekstur og stöðu sjóðsins.

Ársreikningur fyrir árið 2024 er talsvert breyttur frá fyrra ári. Það skýrist einna helst af því að á árinu 2024 sameinaðist Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) inn í sjóðinn sem kallaði á ákveðnar viðbætur en jafnframt var notað tækifærið og bætt við skýringum og sundurliðunum. Eindregið er mælt með að sjóðfélagar kynni sér ársreikninginn sem og árs- og sjálfbærnisrásluna en þar má finna áhugaverðar upplýsingar en í yfirferðinni hér er aðeins stiklað á stærstu atriðunum.

Ef horft er á breytingu á hreinni eign má segja að það sé rekstrarreikningur sjóðsins. Heildariðgjöld námu á árinu 30,7 ma.kr., lífeyrir var um 21,4 ma.kr. sem þýðir að innstreymið af nýju fé inn í sjóðinn var um 9,3 ma.kr. Nettó fjármunatekjur voru 64,2 ma.kr. og rekstrakostnaður var um 1 ma.kr. Breyting á hreinni eign á árinu var 72,4 ma.kr. en raunávöxtun sjóðsins var 7,8% og er sú ávöxtun mjög góð í samanburði við aðra lífeyrissjóði.

Ef horft er á efnahagsreikning sjóðsins má sjá að hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok var 557,2 ma.kr. Hækkunin á milli ára var um 164 ma.kr. sem skýrist af samruna LsRb við sjóðinn og góðri ávöxtun.

Fjárfestingaeignirnar voru 548,8 ma.kr., aðrar eignir námu um 9,0 ma.kr. og skuldir voru 651 m.kr. Skuldirnar eru að stærsta hluta vegna ógreiddrar staðgreiðslu eða um 450 m.kr.

Við yfirferð á iðgjöldum kom fram að af tæpum 31 ma.kr. þá eru um 25 ma.kr. vegna iðgjalda sjóðfélaga en um 6 m.kr. vegna aukaframlaga launagreiðenda og vegna framlags ríkisins vegna örorkuframlags.

Lífeyrisgreiðslur voru samtals 21,3 ma.kr. Frekari sundurliðun sýnir að 78,4% af lífeyrinum er tilkominn vegna eftirlauna eða 16,7 ma.kr. Örorkulífeyrir var um 13,2% og makalífeyrir um 7,4%. Ef við skoðum betur niðurbrotið á deildirnar þá er hlutfall makalífeyris hærra hjá R og B deild en hjá A og V deild en því er öfugt farið með örorkulífeyrinn. Þessi hlutföll sýna að aldursamsetningin er mismunandi á milli deilda sem og réttindaupbyggingin en í R og B deild er makalífeyrir ævilangur.

Fjöldatölur eru alltaf athyglisverðar. Ef horft er á virka sjóðfélaga, en það eru þeir sjóðfélagar sem greiddu í sjóðinn á árinu 2024, þá var meðaltals fjöldi þeirra 22.646. Langflestir greiða í A deildina eða um 71%, svo í V deild um 28% en fjöldi þeirra sem greiða í B og R deild fer fækkandi með ári hverju enda lokaðir sjóðir og sjóðfélagar í eldri kantinum og eru að fara á lífeyri.

Lífeyrisþegum fjölgar á hverju ári og að meðaltali greiddi sjóðurinn lífeyri til 16.315 einstaklinga, flestir fá greiðslu lífeyris úr A deild, því næst R deild og B deild en fæstir úr V deild.

Þá er komið að því að fara yfir fjármunatekjur og fjárfestingagjöldin en eins og fram hefur komið voru verðbréfamarkaðir gjöfulir í fyrra. Hlutabréf og hlutabréfasjóðir eða eignarhlutir gáfu okkur mest eða um 42,7 ma.kr, skuldabréfin skiluðu um 14,6 ma.kr. og útlánin 6,2 ma.kr. Aðrar fjárfestingatekjur voru um 669 m.kr. og gengismunur var neikvæður um 205 m.kr. Fjárfestingagjöldin skiptast upp í fjársýsluþóknar vegna kaupa og sölu fjárfestinga en þau voru 24,8 m.kr., fjárvörsluþóknar voru 54,6 m.kr. og önnur fjárfestingagjöld 44,4 m.kr. Áætlaðar óbeinar þóknar námu 1,3 m.kr. og hækka á milli ára en þær koma fram í gengi fjárfestinganna. Þóknar þessar eru að hluta til árangurstengdar og því jákvætt að þær hækki því þá gengur vel en einnig hækka þessi gjöld þar sem sjóðurinn hefur verið að fjárfesta meira í erlendum framtakssjóðum.

Rekstrarkostnaður ársins var rétt rúmur milljarður en á árinu náðist engin rekstrarhagkvæmni vegna sameiningar Reykjavíkursjóðsins þar sem endanleg sameining náði ekki fram að ganga fyrr en í desember 2024. Launakostnaður vegur sem fyrr þyngst í rekstri sjósins eða um 57% og síðan kemur kostnaður við upplýsingatækni sem er um 23% af heildarkostnaði.

Verðmæti fjárfestingaeigna sjóðsins í árslok 2024 var um 548,8 ma.kr. eignarhlutir þ.e. hlutabréf og hlutabréfasjóðir voru um 283,2 ma.kr. en þar af voru skráðir eignarhlutir m 47% og óskráðir eignarhlutir um 5%. Skuldabréf námu um 194,8 ma.kr. og útlán voru um 70,8 ma.kr. en þar af voru skráð skuldabréf um 30% og óskráð um 18%. Erlendar eignir voru um 180,8 ma.kr. eða 33% af heildareignum sjóðsins. Hvað varðar skiptingu fjárfestingaeigna niður á deildir þá er A deildin stærst eða um 65%, V deildin 15%, R deild um 17% en eignir B deildarinnar eru aðeins um 3%.

Eignasamsetningin í A og V deild er nákvæmlega eins enda er eignasafnið sameiginlegt en eignarhlutir í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum eru um 55%, skráð skuldabréf eru um 28% og óskráð skuldabréf 17%. Sjóðfélagalán námu í árslok 67,1 ma.kr. og hækkuð um 1,4 ma.kr. á milli ára.

Samsetning eigna í R deild er með öðrum hætti en þar nema eignarhlutar í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum um 35%, óskráð skuldabréf um 29% og skráð skuldabréf 36%. Í B deildinni nema eignarhlutir í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum um 42%, óskráð skuldabréf eru um 7% og skráð skuldabréf eru um 51%. Þannig að eignarsamsetningin er ólík á milli deilda. Bæði R og B deildin eru lokaðar og eru með ábyrgð viðeigandi sveitarfélags. Aldursamsetning sjóðfélaganna þeirra er með allt öðrum hætti en í A og V deild sem skýrir ólíka eignasamsetningu. Síðar á fundinum mun sviðstjóri eignastýringar fara yfir fjárfestingastefnu deildanna en þar kemur fram mismunandi áherslur í eignasöfnum þeirra.

*Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.*

*Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi sjóðsins að kynna niðurstöður sínar um tryggingafræðilega athugun.*

### 3. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson fór yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins í árslok 2024.

Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað sér en tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem háðar eru óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða er metin með tölfræðilegum líkönum.

Helstu forsendur útreikninga tryggingafræðilegra athugana eru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998 en þær forsendur sem vega þyngst eru vextir og lífslíkur. Í reglugerðinni kemur m.a. fram að meta skuli dánar- og lífslíkur miðað við nýjustu dánar- og eftirlífendatöflur útgefnar af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Miðað er við sértækar lífs- og örorkulíkur fyrir sjóðinn eftir því sem við á. Í reglugerðinni kemur einnig fram að við núvirkisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda skuli nota 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.

Reikniforsendur um örorku-, giftingar- og barnalíkur eru breyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun sjóðsins. Hvað varðar örorkulíkur er nú miðað við reynslu árána 2018-2023 en þegar litið er til meðaltals allra lífeyrissjóða reyndust örorkulíkur hafa lækkað frá tímabilinu 2011-2016, einkum hjá körlum. Giftingarlíkur og meðalaldur maka og barneignalíkur hafa einnig verið uppfærðar og er nú byggt á reynslu árána 2019-2023. Örorkulíkur eru aðlagðar að reynslu hverrar deildar hjá Brú. Ávöxtun Brúar árið 2024 var mjög góð sem leiðir til bættrar tryggingafræðilegrar stöðu þ.e. hlutfall eigna og skuldbindinga batnar.

Tryggingafræðileg staða er ekki reiknuð fyrir sjóðinn í heild heldur einstakar deildir og réttindasöfn.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar B deildar í árslok 2024 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2024 var 73,9 ma.kr. og hækkaði um 0,9 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 15,5% í árslok 2024 ef tekið er tillit til viðbótariðgjalds launagreiðenda. Heildareignir voru 63,2 ma.kr. og heildarskuldbindingar 74,8 ma.kr. og nemur því hallinn 11,6 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur viðbótariðgjald sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 46,2 ma.kr. Eignir í B deildinni eru ekki miklar og réttindasöfnin þar mjög misjafnlega stödd. Framtíðarskuldbindingar eru óverulegar en verið er að greiða út þau réttindi sem sjóðfélagar hafa áunnið sér.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar R deildar í árslok 2024 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2024 var 132,7 ma.kr. Tryggingafræðileg staða R deildar var jákvæð um 2,3% í árslok 2024 ef tekið er tillit til viðbótariðgjalds launagreiðenda. Heildareignir voru 137,6 ma.kr. og heildarskuldbindingar 134,6 ma.kr. og eignir umfram skuldbindingar því 3,0 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiðir Reykjavíkurborg viðbótariðgjald sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í réttindasafninu. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 39,9 ma.kr. Eignarstaða R deildar er nokkuð góð og deildin réttu megin við núllið.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar V deildar í árslok 2024 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2024 var 81,2 ma.kr. og hækkaði um 11,8 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2024 var 179,8 ma.kr. og hækkaði um 25,5 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 4,3 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding.

V deildin er venjulegasta deildin og er með jákvæða stöðu bæði hvað varðar áunnin réttindi og framtíðar réttindi í árslok. Þar var örorkuforsendum breytt eins og fram kemur hér að ofan sem leiddi til jákvæðrar stöðu deildarinnar samhliða góðri ávöxtun.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar A deildar sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2024 var 331,0 ma.kr. og hækkaði um 36,6 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2024 var 631,6 ma.kr. og hækkaði um 62,5 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 35,6 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til eftirlaunaaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding jákvæð um 16,9 ma.kr. eða um 2,8% af heildarskuldbindingunni.

Í A deild er áfallna staðan jákvæð um 10,7% en framtíðarstaðan neikvæð um 6,6%. Ánægjulegt er að sjá að þær breytingar sem gerðar voru á réttindum í A deild ásamt góðri ávöxtun sjóðsins hafi skilað sér í jákvæðri heildarstöðu sem nemur 2,8%.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandís Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.*

#### 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2025 og benti á að stefnan í heild er birt á heimasíðu sjóðsins en þar er einnig að finna upplýsingar um mánaðarlega eignastöðu sjóðsins. Fjárfestingarstefnan er sett fram fyrir eignasöfn deilda

sjóðsins og dregur fram áherslur í stýringu eigna til næstu ára ásamt helstu áhættuþáttum. Hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins er stefna um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefna. Markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu með það að markmiði að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum. Áhersla er lögð á að byggja upp eignir sjóðsins með faglegum hætti og vanda til þeirrar vinnu sem liggur að baki ákvörðunum um fjárfestingar. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og fjárfestingastefnu, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sjóðsins. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til ávöxtunar eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári. Einnig er horft til greiningar á skuldbindingu, aldursdreifingu sjóðfélaga og áætlun um greiðsluflæði.

Í stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er horft er til UFS þátta (e. ESG) við fjárfestingarákvarðanir. Sjóðurinn skilgreinir grænar eignir í samræmi við flokkunarreglugerð ESB (2020/852). Grænt eignarhlutfall er reiknað út frá veltu eða fjárfestingargjöldum undirliggjandi fyrirtækja og tekur til allra fjárfestingaeigna sjóðsins að frátöldum eignum með ríkisábyrgð. Grænt eignarhlutfall Brúar var á bilinu 1,0% til 3,1% í deildum sjóðsins í lok árs 2024.

Hluthafastefna sjóðsins endurspeglar áherslur sjóðsins hvað varðar góða og ábyrga stjórnarhætti. Áhersla er lögð á gagnsæi og skýra upplýsingagjöf til fjárfesta og viðmið um beitingu atkvæða á hluthafafundum. Upplýsingar um hvernig sjóðurinn hefur greitt atkvæði á hluthafafundum í hverju skráðu félagi fyrir sig eru birtar á vef sjóðsins

Horft er til þess í fjárfestingastefnu sjóðsins 2025 fyrir A og V deild að auka áfram við eignir í erlendum hlutabréfum og er vægi þess eignaflokks í 34% en draga úr vægi innlendra hlutabréfa sem fer í 15%. Hlutfall fjárfestinga í innlendum skuldabréfum og innlánum dregst einnig saman og fer í 29%. Sama á við um vægi fasteignaveðtryggðra skuldabréfa sem fer í 15% en vægi fagfjárfestasjóða er óbreytt í 7%. Vægi skuldabréfa og innlána í A og V deild dregst því saman og fer í 44% úr 48% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestasjóða eykst og fer í 56% úr 52%.

Horft til næstu 5 ára má reikna með að í lok þess tímabils verði um 40% af eignasafni AV deildar skuldabréf og innlán og 60% hlutabréf og fagfjárfestasjóðir, og þar af 11% í innlendum hlutabréfum, 40% í erlendum hlutabréfasjóðum og 9% í fagfjárfestasjóðum.

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Í fjárfestingarstefnunni lækkar hlutfall skuldabréfa og innlána hjá B deild og fer í 65% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestingarsjóða hækkar og fer í 35%. Horft er til þess í stefnunni að auka aðeins við eignir í erlendum hlutabréfum í 25% en minnka vægi innlendra hlutabréfa í 10%. Horft er til næstu 5 ára, má reikna með að í lok þess tímabils verði um 70% af eignasafni B deildar skuldabréf og innlán og 30% hlutabréf og fagfjárfestasjóðir.

Fjárfestingastefnan fyrir R deildina er einnig varkár og markmiðið að ekki reyni frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar. Hlutfall skuldabréfa og innlána hjá R deild er 70% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestingarsjóða 30%. Horft er til næstu 5 ára má reikna með að í lok þess tímabils verði um 72% af eignasafni R deildar skuldabréf og innlán og 28% hlutabréf og fagfjárfestasjóðir.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.*

*Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.*

## 5. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Gildandi samþykktir sjóðsins eru frá 9. september 2024.

Ástæða breytinganna var sameining Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) við Brú lífeyrissjóð. Engar breytingar voru á ákvæðum A, V eða B deildar.

Við samþykktir sjóðsins bættist nýr kafli, VI kafli, þar sem fjallað er um réttindi sjóðfélaga sem flytjast úr LsRb yfir í R deild sjóðsins, um ábyrgð Reykjavíkurborgar á skuldbindingum deildarinnar, stöðu réttindasafnsins, um meðferð breytinga á viðaukum og upplýsingagjöf vegna R deildar til Reykjavíkurborgar. Engar eiginlegar breytingar voru hvað þessi atriði varðar, heldur í raun flutningur milli samþykktu sjóðanna.

Tveimur nýjum viðaukum var bætt við samþykktir Brúar lífeyrissjóðs vegna þessarar sameiningar, viðauka 8 og viðauka 10. Í viðauka 8 eru að finna réttindaákvæði, óbreytt úr samþykktum LsRb og í viðauka 10 eru svokallaðar reiknireglur fyrir nýja R deild, reglur sem stuðst er við í tryggingafræðilegum útreikningi. Við sameininguna voru 5 ákvæði eldri samþykktu LsRb felld niður, þrjú ákvæðanna voru úrelt, tvö ákvæðanna var þegar að finna í samþykktum Brúar lífeyrissjóðs og ekki þörf á endurtekningu. Eitt ákvæði, er varðar 3 mánaða umhugsunarfrest við ákvörðun á reglu lífeyrisgreiðslna, var felld niður í samræmi við ákvörðun stjórnar LsRb frá 12. maí 2021, þegar valmöguleiki þessi var tekinn út af umsóknareyðublöðum sjóðsins.

## 6. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.*

*Fundarstjóri lagði til að hún og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð eftir fundinn og birta hana á vefsíðu sjóðsins.*

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og erindi og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 16:45

---

Póra Jónsdóttir, fundarstjóri

---

Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari